



Reykjavík, 31. júlí 2020
Fundargerð 199. fundar

Tilvísun: 2001005

Föstudaginn 31. júlí var haldinn 199. fundur stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs., en hún er jafnframt framkvæmdaráð almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var fjarfundur og hófst kl. 09:30.

Viðstaddir voru Dagur B. Eggertsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Ármann Kr. Ólafsson, Gunnar Einarsson og Arnar Jónsson í stað Haraldar Sverrissonar. Ásgerður Halldórsdóttir boðaði fjarveru.

Jafnframt sátu fundinn Jón Viðar Matthíasson slökkviliðsstjóri og framkvæmdastjóri almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins og Birgir Finnsson varaslökkviliðsstjóri.

Fundarstjóri var Dagur B. Eggertsson.

Fundarritari var Birgir Finnsson.

Þetta gerðist:

1. Ráðstafanir vegna COVID

Framkvæmdastjóri og formaður almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins fór yfir þær takmarkanir sem hafa verið tilkynntar í minnisblaði sóttvarnalæknis og taka gildi á hádegi í dag. Umræða um hvaða ráðstafanir sveitarfélögin og stofnanir þeirra þurfa að grípa til vegna þeirra hertu aðgerða sem koma fram í minnisblaðinu. Einnig var lögð áhersla á að virkja neyðarstjórnir sveitarfélaganna sem flestar hafa nú þegar komið saman eða haft samband sín á milli.

Eftirfarandi lagt fram:

- Minnisblað sóttvarnalæknis varðandi sóttvarnaráðstafanir í íslensku samfélagi og á landamærum, dags. 29. júlí 2020.

Afgreiðsla: Kynning.

2. Næstu fundir

Formaður lagði til að fundað yrði vikulega í hið minnsta á meðan þetta ástand varir.

Afgreiðsla: Samþykkt.

3. Önnur mál


Engin önnur mál.

Fundi slitið klukkan 10:00.

Næsti fundur fyrirhugaður að óbreyttu föstudaginn 7. ágúst kl. 09:30.



Dagur B. Eggertsson



Gunnar Einarsson



Arnar Jónsson



Rósa Guðbjartsdóttir



Ármann Kr. Ólafsson